



Reglur um afslátt af leikskóla- og/eða frístundagjöldum

1. gr.

Markmið

Reglur þessar eiga við um skólagjöld í leikskólum og/eða frístundagjöld hjá Akureyrarbæ. Akureyrarbær veitir foreldrum/forsjáraðilum sem eru undir ákveðnum tekjuviðmiðum afslátt af skólagjöldum og frístundagjöldum með það að markmiði að koma til móts við fjölskyldur með ung börn í sveitarfélaginu. Afsláttur nær ekki til fæðisgjalda.

2. gr.

Skilyrði

Afsláttur af skólagjöldum fyrir tímabilið 1. september 2024 – 31. ágúst 2025 er veittur á grundvelli skattframtals 2024 vegna tekna ársins 2023. Til þess að eiga rétt á að tekjutengdum afslætti þurfa heildartekjur skv. lið 2.7 og fjármagnstekjur skv. lið 3.11 að vera samtals lægri en 8.535.120 kr. hjá einstæðum foreldrum/forsjáraðilum en 12.802.680 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki. Einnig er horft til staðgreiðuyfirlits ársins 2024 m.t.t. frávika sem kunna að hafa orðið frá fyrra ári.

Afsláttur er þrepaskiptur sem hér segir og gildir fyrir tímabilið 1. september 2024 – 31. ágúst 2025:

Afsláttur	Einstaklingar		Sambúðarfólk	
	Neðri mörk	Efri mörk	Neðri mörk	Efri mörk
62,5%	-	5.482.319	-	8.223.479
50%	5.482.320	7.008.719	8.223.480	10.513.079
25%	7.008.720	8.535.119	10.513.080	12.802.679
0%	8.535.120	-	12.802.680	-

Tekjuviðmið verða uppfærð árlega og taka þau gildi frá og með 1. september ár hvert. Sækja þarf því um tekjutengda afslætti árlega með nýjustu upplýsingum úr skattframtali. Dæmi: Skattframtal 2024 vegna tekna ársins 2023 gildir fyrir tekjuviðmið tímabilsins 1. september 2024 – 31. ágúst 2025.

3. gr.

Breyttar aðstæður

Gera má ráð fyrir að aðstæður fólks geti breyst á miðju ári og taka þurfi tillit til breyttra aðstæðna, s.s. tekjumissis, fráfalls eða skilnaðar. Lagt er til að öll frávik verði skoðuð í samráði forstöðumanns á fjársýslusviði og verkefnastjóra skrifstofu fræðslu- og lýðheilsusviðs og metin út frá sambærilegum forsendum. Mikilvægt er að bregðast megi við breyttum aðstæðum fólks og að umsóknarferli um slíkt sé ekki of íþyngjandi.

Akureyrarbær áskilur sér rétt til að veita ekki afslátt ef staðgreiðslufirlit sýnir að tekjur yfirstandandi árs fari fram yfir 110% viðmiðunarfjárhæða.

4. gr.

Umsókn

Sótt er um afslátt í gegnum þjónustugátt Akureyrarbæjar *Beiðni um afslátt af leikskóla- og frístundagjöldum*. Í umsókninni slær umsækjandi inn upplýsingar um tekjur af skattframtali skv. lið 2.7 og fjármagnstekjur skv. lið 3.11, auk þess að hlaða inn staðgreiðsluskrá og skattframtali fyrir sig og maka ef við á. Afsláttur er ekki veittur afturvirk.

5. gr.

Afgreiðsla

Umsókn um beiðni um afslátt af leikskóla- og frístundagjöldum þarf að berast fyrir 10. dag mánaðar svo afslátturinn komi til frádráttar á reikningum fyrir leikskólagjöld og/eða frístundagjöld í næsta mánuði á eftir umsókn, enda séu skilyrði uppfyllt samkvæmt reglum þessum. Afsláttur er ekki veittur afturvirk.

Fjársýslusvið Akureyrarbæjar reiknar út frá skattframtölum rétt foreldra/forsjáraðila til afsláttar á grundvelli upplýsinganna.

6. gr.

Gjaldskrá

Upplýsingar um gjaldskrá leikskóla- og frístundagjalda má finna í viðkomandi [gjaldskrá](#) á vefsíðu sveitarfélagsins.

7. gr.

Leiðréttingar

Ef veittir eru afslættir á röngum forsendum eða umfram það sem þessar reglur segja til um, áskilur Akureyrarbær sér rétt til leiðréttingu gjalda, m.a. í tilvikum þar sem leiðrétting kann að vera á grundvelli þess að umsækjandi hafi gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til afsláttar.

8. gr.

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. september 2024.

~~Samþykkt í fræðslu- og lýðheilsuráði 27. nóvember 2023~~

~~Samþykkt í bæjarráði 30. nóvember 2023~~

~~Samþykkt í bæjarstjórn 5. desember 2023~~

Tekið fyrir í fræðslu- og lýðheilsuráði 2. maí og 24. júní 2024

Tekið fyrir í bæjarráði 27. júní 2024